

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Auturstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarkiðgjalds til lífeyrissjóðs

Með frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (sbr. þingskjal 1179 á 151. löggjafarþingi 2020–2021, hér eftir vísað til sem „frumvarpið“) eru gerðar stærstu breytingar á réttindaákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá árinu 1997. Breytingin hefur neikvæð áhrif á uppbyggingu og rekstur fjölmargra lífeyrissjóða og þá valkosti sem sjóðfélagar hafa á samsetningu lífeyrissparnaðar síns.

Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

- lágmarksiðgjald hækkar úr 12% í 15,5%
- lögfesta á heimild sjóðfélaga til að greiða allt að 3,5 prósentustig af 15,5% lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign og heimila notkun hennar til skattfrjálsrar úttektar séreignarsparnaðar skv. l. nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð (hér eftir kallað *fyrsta fasteign*)
- árleg réttindaávinnsla, sem lágmarkstryggingavernd veitir skv. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hækkar úr 1,4% á ári í 1,8% nema sjóðfélagar velji að nýta sér heimild til að greiða í tilgreinda séreign
- útgreiðsla séreignar sem greiðist af 15,5% lágmarksiðgjaldi mun framvegis teljast til tekna við útreikning á lífeyri sem veittur er á grundvelli l. nr. 100/2007 um almannatryggingar með þeirri undantekningu að útgreiðsla tilgreindrar séreignar mun ekki teljast til tekna. Auk þess mun viðbótarlífeyrissparnaður teljast til tekna nema sá hluti sem nemur allt að 4% iðgjaldi sjóðfélaga og 2% mótframlagi launagreiðanda. *
- lífeyrissjóðum verður heimilt að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti
- verðtrygging lífeyris verði árleg í stað mánaðarleg

*Í greingerðinni með frumvarpi um breytingar á l. nr. 100/2007 um almannatryggingar er skilgreindur viðbótarlífeyrissparnaður sem ekki telst til tekna við útreikning lífeyris almannatrygginga: „Viðbótarlífeyrissparnaður takmarkast við 4% framlag rétthafa af iðgjaldsstofni, sbr. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og 2% mótframlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni.“ Bent er á að rétt er að svo þýðingarmikil skilgreining komi fram í lagatextanum sjálfum en ekki eingöngu greingerðinni. Sjá breytingarillögu á frumvarpinu í viðauka umsagnarinnar.

Með vísan í það sem nánar er rakið í eftirfarandi umsögn, leggur Frjálsi lífeyrissjóðurinn til eftirfarandi breytingar:

1. Umfjöllun um frumvarpið verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænbók um lífeyriskerfið og eftir atvikum þeim tillögum að lagabreytingum sem sú vinna mun leiða af sér.
2. Verði ekki fallist á að fresta umfjöllun frumvarpsins er lagt til að lífeyrisjóðir geti kosið að verða við ákvörðun sjóðfélaga um að ráðstafa 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni, þannig að hlutanum sé



annað hvort ráðstafað í tilgreinda séreign eða viðbótarsparnað sem er laus við 60 ára aldur og honum þá haldið aðskildu frá öðrum séreignarsparnaði í réttindakerfum sjóðanna.

3. Útgreiðslur frjálsrar séreignar, hjá sjóðfélögum sem við gildistöku laganna er í vörslu séreignarsjóða, teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga.
4. Öll viðbótariðgjöld umfram 15,5% lágmarksiðgjald teljist ekki til tekna við úreikning á lífeyri almannatrygginga en ekki eingöngu 4% framlag sjóðfélaga og 2% mótframlag launagreiðanda.
5. Lífeyrissjóðir geti ákveðið í samþykktum sínum hvort að 3,5% iðgjald verði sjálfval í samtryggingu eða séreign.
6. Fallið verði frá hækun á lágmarkstryggingavernd úr 1,4% í 1,8% réttindaávinnslu á ári.
7. Skýrt sé að lífeyrissjóðum verði heimilt að birta yfirlit með rafrænum hætti á „Mínum síðum“ á sjóðfélagavefum sjóðanna.
8. Fallið verði frá breytingum þess efnis að verðtrygging lífeyris verði árlega í stað mánaðarleg.
9. Gildistöku frumvarpsins verði frestað til a.m.k. 1. janúar 2022.

1. Lögfestingu frumvarpsins verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænbók um lífeyriskerfið og eftir atvikum þeim tillögum að lagabreytingum sem sú vinna mun leiða af sér

Stjórnvöld hafa boðað að hefja stefnumörkun í lífeyrismálum í nánú samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða. Stefnt er að því að afrakstur þess samstarfs verði grænbók um lífeyrismál sem kynnt verði vorið 2021.

Eftirfarandi er lýsing á eðli og efni grænbókar í leiðbeiningarriti nokkurra ráðuneyta frá árinu 2017:

- „Stöðumat og valkostir er viðfangsefni grænbókar. Grænbók er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði á netinu. Grænbókinni er ætlað að hvetja til umræðu um núverandi stöðu, viðfangsefni, og framtíðarsýn málefnasviðsins ásamt áherslum og ólíkum leiðum.
- Við gerð grænbókar er framkvæmdaaðilum, samstarfsaðilum, og hagsmunaðilum boðið að taka þátt og leggja fram sjónarmið um mögulegar áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri.
- Í grænbók eru upplýsingar um viðfangsefni málaflokksins, stöðu og tölfræði, samanburð við önnur lönd og umfjöllun um ólíkar leiðir eða áherslur til að mæta þeim áskorunum sem við blasa.
- Grænbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda.“

Það er umhugsunarvert að ráðast eigi í svo umfangsmiklar breytingar á réttindakafla laga um lífeyrissjóði skv. frumvarpinu, sem mun raska bæði uppbyggingu a.m.k. 10 lífeyrissjóða og þriggja annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og samsetningu lífeyrissparnaðar hjá tugþúsundum sjóðfélaga þeirra, áður en ráðist er í gerð grænbókar. Það blasir við að rétt væri að taka breytingarnar sem frumvarpið felur í sér inn í þá vinnu. Í 12 af 19 umsögnum sem hagsmunaðilar sendu inn við frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda árið 2019 og fjölmörgum blaðagreinum hagsmunaðila hefur verið kvartað yfir samráðsleysi og auknu flækjustigi með lögfestingu frumvarpsins. Umræddar athugasemdir um samráðsleysi og aukið flækjustig lífeyriskerfisins hafa algjörlega verið virtar að vettugi.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur því til að frumvarpinu verði frestað og efni þess tekið með inn í grænbókarvinnu, þar sem boðað hefur verið víðtækt samráð og þar sem vanda má vinnubrögð áður en ráðist er í svo umfangsmiklar breytingar á lífeyriskerfinu. Sé ekki vilji fyrir því að fresta lögfestingu frumvarpsins leggur Frjálsi lífeyrissjóðurinn til breytingar á frumvarpinu sem nú verður gert grein fyrir:

2. Verði ekki fallist á að fresta umfjöllun frumvarpsins er lagt til að lífeyrisjóðir geti kosið að verða við ákvörðun sjóðfélaga um að ráðstafa 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni, þannig að hlutanum sé annað hvort ráðstafað í tilgreinda séreign eða viðbótarsparnað sem er laus við 60 ára aldur og honum þá haldið aðskildu frá öðrum séreignarsparnaði í réttindakerfum sjóðanna

Með frumvarpinu er ætlunin að efna skuldbindingar gagnvart Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) skv. svonefndum lífskjarasamningnum. Meðal annars er lagt til að tilgreind séreign verði lögfest en hún hefur nú þegar verið innleidd hjá þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði ASÍ og SA. Í raun er því ekki þörf á að lögfesta tilgreinda séreign enda rúmast þær reglur sem um hana gilda nú þegar innan núverandi löggjafar að undanskilinni heimild til að nýta hana í fyrstu fasteign. Til að heimila slíkt væri einfalt að bæta við frumvarpið ákvæði þess efnis að sjóðfélagar sem ráðstafa 3,5% iðgjaldi af 15,5% iðgjaldi til séreignarsparnaðar gætu nýtt iðgjaldið í fyrstu fasteign.

Lögfestingin hefur aftur á móti neikvæð áhrif á fjölda annarra lífeyrissjóða sem yrði gert skylt að bjóða sjóðfélögum sínum upp á ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign, með tilheyrandi flækjustigi og röskun á uppbyggingu lífeyrissparnaðar sjóðfélaganna. Með einfaldri lagabreytingu er þó hægt að lögfesta tilgreinda séreign til að efna skuldbindingar skv. lífskjarasamningnum án þess að raska og flækja samsetningu lífeyrissparnaðar hjá öðrum lífeyrissjóðum, líkt og verður nánar komið að hér á eftir. Með þeirri breytingu er staðið vörð um þau markmið sem stefnt er að með lögfestingu tilgreindrar séreignar og annarra ákvæða frumvarpsins og stuðlað að almennari sátt um frumvarpið meðal annarra lífeyrissjóða utan samningsvið ASÍ og SA og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar. Til að undirstrika mikilvægi þess að skapa slíka sátt má nefna að eignir og iðgjöld þeirra sjö lífeyrissjóða sem telja til samningsviðs ASÍ og SA standa undir minna en helmingi af eignum og árlegum iðgjöldum allra lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu verða til eftirfarandi tegundir séreignar sem um gilda mismunandi reglur sem má sjá í neðangreindri töflu:

Tegund séreignar	Laus til útgreiðslu – aldur sjóðfélaga	Skerðir lífeyri almannatrygginga	Má nýta í fyrstu fasteignakaup og lángreiðslur í 10 ár	Má nýta í fasteignakaup og lángreiðslur til júlí 2023
Viðbótarsparnaður ¹⁾	60 ára	Nei	Já	Já
Frjáls séreign ²⁾	60 ára	Já	Nei	Nei
Tilgreind séreign ³⁾	62 ára	Nei	Já	Nei
Bundin séreign ³⁾	60-85 ára	Já	Nei	Nei
Erfðaséreign	Alltaf	Óljóst	Nei	Nei

1) Iðgjald sem nemur 2-4% frá sjóðfélaga og 2% frá launagreiðanda, samtals 4-6%

2) Iðgjald sem hluti af 15,5% skylduiðgjaldi annars vegar og viðbótarmótförlag launagreiðanda umfram 2% hinsvegar

3) Hluti af 15,5% skylduiðgjaldi

Átta lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum sínum að ráðstafa hluta af 15,5% iðgjaldi í frjálsa séreign, sem er laus til útborgunar frá 60 ára aldri skv. óskum sjóðfélaga en hluti lágmarksiðgjalds rennur ávallt í samtryggingu. Frjáls séreign hefur sömu útborgunarreglur og viðbótarsparnaður en ekki er heimilt að nýta hana í húsnæðisúrræði, eins og taflan sýnir.

Fjórir af þessum átta sjóðum heimila sjóðfélögum jafnframt að leggja hluta iðgjaldsins í bundna séreign til að auka enn þann hluta lágmarksiðgjalds sem rennur til myndunar séreignar. Útgreiðslur frjálsrar séreignar og bundinnar séreignar eiga skv. frumvarpinu að koma til skerðingar á lífeyri almannatrygginga, en ekki viðbótarsparnaður sem nemur 2-4% framlagi sjóðfélaga og 2% framlagi launagreiðanda annars vegar og tilgreind séreign hinsvegar.

Mikilvægi þess að flækja ekki lífeyrskerfið

Eitt af því sem hefur þótt á mælisvert við lífeyrskerfið er hversu flókið það er. Flækjustig torveldar fólki að skilja lífeyrskerfið, gerir sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um ráðstöfun og útgreiðslur, skaðar ímynd lífeyriskerfisins og dregur almennt úr áhuga fólks á lífeyrissparnaði.

Lögfesting tilgreindrar séreignar með þrengri útborgunarreglum en gilda um frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað, felur í sér að lífeyrskerfið verður flóknara. Tilgreind séreign er skv. frumvarpinu laus þegar 62 ára aldri er náð og greiðist út að lágmarki á fimm árum. Engin veigamikil rök eru fyrir því að lögfesta aðrar og þrengri útborgunarreglur fyrir tilgreinda séreign en gilda um frjálsa séreign og viðbótarparnað. Tilgreinda séreign er jafnframt hægt að nýta í fyrstu fasteign skv. frumvarpinu, líkt og gildir um viðbótarparnað, og ber því öll einkenni hans.

Lögfesting tilgreindrar séreignar í því horfi sem lagt er til í frumvarpinu mun raska uppbyggingu lífeyrissjóða verulega, en með mismunandi hætti eftir því hvort þeir reka séreignardeildir eða ekki. Sem dæmi má nefna að fyrir sjóðfélaga Frjálsa sem vildi hámarka séreignarhluta lífeyrissparnaðar síns, þyrfti viðkomandi að skipta 15,5% lágmarksiðgjaldi í samtryggingu, bundna séreign, frjálsa séreign og tilgreinda séreign, þ.e. í þrjár mismunandi tegundir séreignar. Viðbótariðgjöld sjóðfélaga rygnu svo í viðbótarparnað, þ.e. í fjórðu tegundina. Útgreiðslur úr samtryggingu, bundinni séreign og frjálsri séreign myndu skerða lífeyri almannatrygginga en útgreiðslur úr tilgreindri séreign og viðbótarparnaði myndu ekki valda skerðingum.

Öllum ætti að vera ljóst flækjustigið sem ofangreint hefur í för með sér, þá sér í lagi þeim sjóðfélögum sem er gert að skilja uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum og taka ákvarðanir til framtíðar litið um það með hvaða hætti viðkomandi ráðstafafráfar iðgjöldum sínum og tekur út lífeyrissparnað úr sínum fjórum tegundum séreignar. Nokkrir lífeyrissjóðir sem bjóða sjóðfélögum að ráðstafa hluta af lágmarksiðgjaldi í frjálsa séreign þyrftu að ráðstafa því í staðinn í tilgreinda séreign, skv. vali sjóðfélaga, en með þrengri útborgunarreglum. Eftir stæði að stór hluti sjóðfélaga ættu áfram uppsafnaða séreign í frjálsri séreign, sem um myndu gilda allt aðrar reglur.

Það er eðlileg krafa að jafn veigamikil lögbundin kerfi og lífeyriskerfi, séu byggð upp á aðgengilegum, skýrum og stöðugum reglum sem gera einstaklingum kleift að skipuleggja líf sitt og huga að framtíð sinni. Breytingar sem hverfa frá þessum sjálfsgöðu sannindum hljóta að kalla á að staldrað sé við.

Tillaga að málamiðlun hagsmunaaðila

- lífeyrissjóðir hafi val um að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign eða viðbótarparnað

Val um að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í frjálsa séreign, sem er laus við 60 ára aldur með sama hætti og á við um viðbótarparnað, er nú þegar í boði hjá sjóðfélögum Lífeyrissjóðs bankamanna, V- deildar Brúar lífeyrissjóðs, Eftirlaunasjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Almenna lífeyrissjóðsins, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs tannlækna og Lífsverks lífeyrissjóðs. Þeir þrjár fyrstnefndu reka ekki séreignadeildir svo sjóðfélagar þeirra geta valið að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í frjálsa séreign hjá öðrum vörsluaðila.

Ljóst er að því fylgja kostir fyrir sjóðfélaga að fá 3,5% iðgjaldið í séreign sem er laus 60 ára frekar en tilgreinda séreign, því skv. útborgunarreglum tilgreindrar séreignar eru sjóðfélagar bundnir við að fá sparnaðinn greiddan út að lágmarki á fimm árum eftir að 62 ára aldri er náð. Sjóðfélagar hafa því meira valfrelsi og sveigjanleika við útborganir frjálsrar séreignar og viðbótarparnaðar. Í mörgum tilvikum getur hentað sjóðfélögum betur að taka séreignina út tveimur árum fyrr en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og á styttri tíma en fimm árum. Hagur sjóðfélaga snýr að því að hafa val um með hvaða hætti séreign er greidd út, að teknu tilliti til aðstæðna hvers og eins.

Það vekur furðu að lögfesta eigi tilgreinda séreign og gera öðrum lífeyrissjóðum skylt að innleiða hana fyrir tugþúsundir sjóðfélaga sem hentar betur að fá 3,5% iðgjaldið greitt áfram í séreign sem er alveg laus við 60 ára aldur. Til viðbótar mun innleiðing tilgreindrar séreignar hækka rekstrarkostnað lífeyrissjóða vegna viðbótar flækjustigs, sem mun hafa neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Ef stjórnvöld telja sig nauðbeygð til að lögfesta tilgreinda séreign vegna skuldbindinga lífskjarasamningsins er mikilvægt að lögin gefi lífeyrissjóðum utan samningssvið ASÍ og SA val um að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í **viðbótarsparnað**, í stað tilgreindrar séreignar. Með því væru umræddir sjóðir ekki þvingaðir til að stofna tilgreinda séreign og uppbyggingu á lífeyrissparnaði sjóðfélaga sem ráðstafa hluta iðgjalds í frjálsa séreign væri ekki raskað. Ástæðan er að sömu útborgunarreglur gilda um frjálsa séreign og viðbótarsparnað. Lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ gætu þá boðið sínum sjóðfélögum tilgreinda séreign fyrir 3,5% iðgjaldið en aðrir lífeyrissjóðir gætu boðið sínum sjóðfélögum viðbótarsparnað kysu þeir svo. Allir sjóðfélagar gætu nýtt 3,5% iðgjaldið í fyrstu fasteign a.t.t. til 500 þús. kr. fjárhæðarhámarks á ári og sömu reglur gilda um tilgreinda séreign og viðbótarsparnað gagnvart skerðingum almannatrygginga, eins og áður segir.

Þrátt fyrir að 3,5% iðgjaldið færi í viðbótarsparnað hjá tilteknum lífeyrissjóðum er nauðsynlegt að lögin kveði á um að lífeyrissjóðum verði gert skylt að aðgreina 3,5% iðgjaldið frá öðrum viðbótarsparnaði í réttindakerfum sínum þannig að ávallt liggja ljóst fyrir hvaða hluti lágmarksiðgjalds sem ráðstafað er í viðbótarsparnað eigi rætur að rekja til 3,5% iðgjaldsins. Með því væri einnig komið í veg fyrir að 3,5% iðgjaldið yrði nýtt í almenna húsnæðisúrræðið sem á að framlengja til 2023 en það úrræði takmarkast við viðbótarsparnað sem nemur 2-4% framlagi sjóðfélaga og 2% framlagi launagreiðanda.

Með þessum breytingum nást markmið frumvarpsins en á sama tíma er komist hjá því að valda neikvæðri röskun á uppbyggingu lífeyrissparnaðar hjá tugum þúsunds sjóðfélaga lífeyrissjóða sem eru utan samningssviðs ASÍ og SA.

3. Útgreiðslur frjálsrar séreignar, sem við gildistöku laganna er í vörslu séreignarsjóða, teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga

Samkvæmt frumvarpinu á frjáls séreign að teljast til tekna við útreiknings á lífeyri almannatrygginga en ekki viðbótarsparnaður. Tilgangurinn er sá að jafna skerðingaráhrif vegna lífeyris almannatrygginga á milli lífeyrissjóða.

Þar sem frjálsri séreign og viðbótarsparnaði hefur verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum til þessa, þ.e. í fortíðinni og fram að hugsanlegri lögfestingu frumvarpsins, er ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fóru í þessu alfarið að lögum og aðgreindu ekki þessar tvær tegundir séreignar í réttindakerfum sínum.

Þetta hefur leitt til þess að frjáls séreign hefur blandast viðbótarsparnaði, m.a. við löghelgaða heimild sjóðfélaga til að flytja séreign á milli vörsluaðila, sem og vegna iðgjaldaskila launagreiðenda en ekki hafa verið kröfur á launagreiðendur að aðgreina iðgjöld í mismunandi tegundir séreignar á skilgreinum til lífeyrissjóða og vörsluaðila.

Í framkvæmd er óhjákvæmilegt annað en að þetta muni leiða til ójafnræðis og misréttis á milli sjóðfélaga. Útgreiðslur viðbótarsparnaðar munu í fjölda tilvika, þar sem sparnaður er mögulega ranglega skilgreindur sem frjáls séreign í réttindakerfum vörsluaðila, leiða til **ólögleggrar skerðingar** á lífeyri almannatrygginga. Þetta er þvert á það sem að er stefnt með frumvarpinu og vekur ennfremur upp spurningar um afturvirkni þeirra ráðstafana sem frumvarpið leggur til. Því er mikilvægt að frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi sem

eingöngu er greidd **eftir** gildistöku laganna teljist til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga til framtíðar enda einungis þá hægt að gera kröfu um að iðgjöld utan um slíka séreign verði aðgreind í kerfum lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Eldri frjáls séreign teljist aftur á móti ekki til tekna við útreikninginn.

Ekki verður frekari orðum varið í umfjöllun um hugsanlega ábyrgð ríkisvaldsins, verði ekki búið þannig um hnútana að staðinn sé vörður um lögbundin réttindi lífeyrisþega skv. l. nr. 100/2007 um almannatryggingar. Á þetta hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn komið á framfæri á fundum með stjórnvöldum og í umsögnum um frumvarpsdrögin ásamt fjórum öðrum lífeyrissjóðum, Landssamtökum lífeyrissjóða og Samtökum atvinnulífsins en athugasemdirnar hafa verið virtar að vettugi skv. frumvarpinu.

4. Öll viðbótariðgjöld umfram 15,5% lágmarksiðgjald teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga en ekki eingöngu 4% framlag sjóðfélaga og 2% mótframlag launagreiðanda

Samkvæmt greinagerð frumvarpsins telst viðbótarsparnaður, sem nemur allt að 4% framlagi sjóðfélaga og 2% framlagi launagreiðanda ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga. Launagreiðendur greiða oft hærra viðbótarframlag en sem nemur 2% af launum skv. kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Að óbreyttu frumvarpi myndu í fjölda tilvika viðbótarframlagi launagreiðanda sem nemur hærra hlutfalli en 2% af launum verða ráðstafað í viðbótarsparnað í stað frjálsrar séreignar og þar með ekki teljast til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga sem væri í ósamræmi við frumvarpið. Til að vörsluaðilar geti ráðstafað iðgjöldum í réttar tegundir séreignar þurfa launagreiðendur að aðgreina á skilagreinum mótframlag sem er hærra en 2% mótframlagið í viðbótarsparnað. Það býður aftur á móti upp á misnotkun þannig að t.d. sjálfstætt starfandi einstaklingar gætu merkt á skilagrein mótframlag umfram 2% sem viðbótarsparnað til að minnka skerðingaráhrif lífeyrissparnaðar á lífeyri almannatrygginga.

Einfaldasta lausnin og það sem hér er lagt til er að öll iðgjöld umfram 15,5% lágmarksiðgjöld verði skilgreind sem viðbótarsparnaður en ekki eingöngu 4% framlag sjóðfélaga og 2% mótframlag launagreiðanda. Þar með væri hægt að framfylgja lögunum og engin hætta væri á misnotkun við útfyllingu skilagreina.

5. Lífeyrissjóðir geti ákveðið í samþykktum sínum hvort að 3,5% iðgjald verði sjálfval í samtryggingu eða séreign

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur til að lífeyrissjóðir geti ákveðið í samþykktum sínum hvort að 3,5% iðgjald af 15,5% lágmarksiðgjaldinu renni í samtryggingu eða séreign og tekur þar undir sömu tillögur í umsögnum Almenna lífeyrissjóðsins, ASÍ og VR. Þannig gætu lífeyrissjóðir ákveðið að sjálfgefið væri að iðgjöld skiptist í 12% samtryggingu og 3,5% í séreign. Sjóðfélagar gætu aftur á móti valið að greiða allt iðgjaldið í samtryggingu kjósi þeir svo og mikilvægt að þeir séu vel upplýstir um valkosti sína. Samsetning sjóðfélaga og hagsmunir eru ólíkir eftir starfsgreinum og því eðlilegt að lífeyrissjóðirnir hafi val til að ákveða hvort sjálfgefin leið á ráðstöfun 3,5% iðgjaldsins sé samtrygging eða séreign.

6. Fallið verði frá hækkan á lágmarkstryggingavernd úr 1,4% í 1,8% réttindaávinnslu á ári

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur gegn áformum um að hækka lágmarkstryggingavernd úr 1,4% ávinnslu á ári í 1,8%. Enging greining eða rök liggja fyrir á bak við þörf sjóðfélaga á hærri tryggingavernd. Skýrsla um *Nægjanleika lífeyris* sem var gefin út árið 2014 af Landssamtökum lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitinu ætti að nýta til að rýna í hvort almenn þörf sé á að hækka lágmarkstryggingaverndina. Sú staðreynd að frumvarpið geri ráð fyrir að árleg réttindaávinnsla verði áfram 1,4% velji sjóðfélagi að 3,5% iðgjald renni í tilgreinda séreign, sem hægt er að taka út að fullu við 67 ára aldur, styður þá skoðun að óþarfi sé að hækka lágmarkstryggingaverndina.

7. Skýrt sé að lífeyrissjóðum verði heimilt að birta yfirlit með rafrænum hætti á „Mínum síðum“ á sjóðfélavefum sjóðanna

Frjálsi lífeyrissjóðurinn styður ákvæði um að lífeyrissjóðum sé heimilt að senda yfirlit með rafrænum hætti. Óljóst er skv. greinagerðinni hvort skilyrði sé að senda þau í gegnum pósthólf.is. Flest rafræn samskipti sjóðfélaga og lífeyrissjóða fara fram í gegnum „Mínar síður“ á sjóðfélagavefjum lífeyrissjóðanna og mikilvægt að hægt sé að nýta þann vettvang fyrir birtingu yfirlita og að lögin komi ekki í veg fyrir það.

8. Fallið verði frá breytingum þess efnis að verðtrygging lífeyris verði árleg í stað mánaðarleg

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggst gegn áformum um að verðtrygging lífeyris verð árleg í stað mánaðarleg. Ekki liggja fyrir útreikningar um áhrif þessarar tillögu og rök fyrir breytingunni þess efnis að breytt framkvæmd getur dregið verulega úr kröfum Tryggingastofnunar um endurgreiðslur vegna vanáætlana á greiðslum frá lífeyrissjóðum í byrjun árs eru of léttvæg til að réttlæta breytingarnar.

9. Gildistöku frumvarps verði frestað til a.m.k. 1. janúar 2022

Samkvæmt frumvarpinu á það að taka gildi 1. október nk. Miðað við þær umfangsmiklu breytingar sem þarf að gera á réttindakerfum lífeyrissjóða og skilagreinakerfum, auk kynninga á breytingum á uppbyggingu lífeyrissparnaðar fyrir sjóðfélaga og mögulegra aukaársfunda sjóðanna til að breyta samþykktum þá er tíminn alltof skammur. Lagt er til að gildistakan verði í fyrsta lagi 1. janúar 2022.

Virðingarfyllst,

f.h Frjálsa lífeyrissjóðsins



Arnaldur Loftsson
framkvæmdastjóri

Viðauki

Hér fylgja tillögur um breytingar á einstökum ákvæðum frumvarpsins í samræmi við ofangreindar tillögur skv. töluliðum 2-4.

I. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

3. gr.

Breytingar á 4. gr.

b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó skal lífeyrissjóði gert skylt að bjóða sjóðfélaga ~~vera heimilt~~ að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. til annað hvort tilgreindrar séreignar eða viðbótartryggingaverndar. Viðmið 1. og 3. másl. 1. mgr. um meðaltal réttindaöflunar til ævilangs ellilífeyris og örorkulífeyris lækkar þá í hlutfalli við hlutfall iðgjalds til tilgreindrar séreignar eða viðbótartryggingaverndar af iðgjaldi skv. 1. mgr. 2. gr., en verður þó aldrei lægra en sem nemur 1,4% á ári af þeim iðgjaldsstofni sem greitt er af. Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um tilgreinda séreign og viðbótartryggingavernd, svo sem um ráðstöfun iðgjalds og tilhögun greiðslna.

4. gr. Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá skal sjóðfélaga vera heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald vegna lífeyrisréttinda hans í sameign. Iðgjald sem nemur allt að 3,5% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. til tilgreindrar séreignar eða viðbótartryggingaverndar skal haldið ~~aðskilinni~~ aðskildu frá annarri séreign sem myndast af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 2. gr. og séreignarsparnaði sem myndast á grundvelli viðbótariðgjalds. Um uppsögn samnings um tilgreinda séreign gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. og um úttekt á tilgreindri séreign gildir ákvæði 14. gr. a.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016.

10. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þá gilda lög þessi um skattfrjálsa úttekt tilgreindrar séreignar og viðbótartryggingaverndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. þeirra laga, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

12. gr. Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rétthafi sem ekki nær hámarksfjárhæðum skv. 1. mgr. með ráðstöfun á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar er heimilt að nýta skattfrjálsa úttekt á tilgreindri séreign og viðbótartryggingavernd skv. 2. mgr. 4. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Heimild rétthafa takmarkast við ráðstöfun á allt að 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga sem ráðstafað hefur verið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign og viðbótartryggingavernd. Sé rétthafi eigandi að séreignarsparnaði sem á uppruna frá allt að 4% viðbótariðgjaldi sjóðfélaga og 2% viðbótariðgjaldi launagreiðanda skal fyrst koma til ráðstöfunar á slíkum sparnaði áður en til ráðstöfunar á tilgreindri séreign og viðbótartryggingavernd getur komið. Samanlögð ráðstöfun rétthafa á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar og allt að 3,5% iðgjaldi til tilgreindrar tilgreindrar séreignar eða viðbótartryggingaverndar takmarkast við hámarksfjárhæð skv. 1. mgr. Um frekari skilyrði og ráðstöfun á tilgreindri séreign og viðbótartryggingavernd gilda önnur ákvæði laga þessara eftir því sem við á

IV. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

14. gr.

Í stað orðanna „séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd“ í 1. másl. 4. mgr. 16. gr. laganna kemur: tilgreindri séreign og viðbótarlífeyrissparnaði. Með viðbótarlífeyrissparnaði er átt við iðgjald umfram lágmarksiðgjald skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Viðbótarlífeyrissparnaður takmarkast við 4% framlag réttihafa af iðgjaldsstofni, sbr. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og 2% mótframlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni. Auk þess telst til viðbótarsparnaðar öll önnur viðbótartryggingavernd í séreign sbr. 2. mgr. 3. gr. l. 129/1997 í vörslu vörsluaðila lífeyrissparnaðar við gildistöku laganna.

III. KAFLI Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

13. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Úttekt tilgreindrar séreignar og viðbótartryggingaverndar af iðgjaldsstofni manns skv. I. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ef skilyrði laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð eru uppfyllt. Heimild manns takmarkast við allt að 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. þó 4. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Ef útgreiðsla á séreignarsparnaði fer fram úr hámarksfjárhæðum 4. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð telst það sem er umfram til skattskyldra tekna á greiðsluári. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessa töluliðar.